

Skorradalshreppur  
Ólöf Guðný Valdimarsdóttir,  
skipulagsfulltrúi  
Hvanneyrargötu 3  
311 Borgarnes

Umhverfisstofnun
Áb. _____
18. nóv. 2010 /0.4.2
Tilv. _____



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 16. nóvember 2010  
Tilvísun: UST20100800056/jbw

### Aðalskipulag Skorradalshrepps 2008-2020

Umhverfisstofnun hefur borist erindi dags. 11. ágúst sl. þar sem óskað er eftir umsögn um tillögu að aðalskipulagi Skorradalshrepps 2008-2020.

### Aðalskipulagssvæðið

Aðalskipulag Skorradalshrepps 2008 - 2020 tekur til alls lands innan hreppsins sem er 216 km<sup>2</sup> að flatarmáli. Skorradalur er syðstur Borgarfjarðardala, um 25 km langur og stefnir til austsuðausturs, inn í landið.

### Markmið með aðalskipulaginu

Meginmarkmið hreppsnefndar með aðalskipulaginu er að nota Staðardagskrá 21 sem velferðaráætlun fyrir hreppinn. Þar stýrir „leiðarljós“ og er stefnumörkun aðalskipulagsins útfærð í verkefnalista sem miðar að því að skapa enn betra samfélag. Í því felst að um leið og reynt er að mæta efnahags- og félagslegum þörfum samtímans, skal einnig séð til þess að ýmis grunngæði náttúrunnar og menningarsögunnar verði vernduð, til að draga ekki úr möguleikum komandi kynslóða á svæðinu, til hvorutveggja. Það felur einnig í sér að virða alþjóðlega umhverfisverndarsamninga og auka samráð og kynningu á málum er varða heildina.

### Náttúruminjar

Á aðalskipulagssvæðinu er eitt svæði í náttúruminjasrá, svæði nr. 238, Klausturskógur og Fitjar í Skorradal (lönd jarðanna Vatnshorns, Bakkakots, Fitja og Fitjakots). Ástæða skráningar er tilvist birkiskógar með gróskumiklum botngróðri, lítt snortnum af beit, fjölbreytt fuglalíf við ós Fitjaár og mikið útivistargildi svæðisins. Í aðalskipulagstillögunni er mörkuð sú stefna, á bls. 69, að vinna að friðlýsingu hluta þessa svæðis þ.e. ósasvæðis Fitjaár. Umhverfisstofnun telur þessa stefnu jákvæða og tekur undir mikilvægi hennar.

Vatnshornsskógur í Skorradal var friðlýstur sem friðland með auglýsingu í Stjórnartíðindum B. nr. 164/2009. Markmið friðlýsingarinnar er að vernda náttúrulegan, lítt snortinn birkiskóg með gróskumiklum botngróðri, ásamt erfðaeiginleika og erfðafjölbreytileika íslenska birkisins. Um friðlandið gildir að plöntun annarra trjategunda en staðarafbrigðis birkis sé óheimil. Í aðalskipulagstillögunni er mörkuð sú stefna, á bls. 69, að stækka friðlandið svo að það taki til allrar jarðarinnar Vatnshorn að undanskildum lóðum vestast á jörðinni, sem eru í einkaeign, og svæði sem afmarkast af merkjum við Bakkakots að austan, Fitjaá að norðan, Skorradalsvatni að vestan og vegarslóða að sunnan. Umhverfisstofnun telur þessa stefnu jákvæða og tekur undir mikilvægi hennar og vísar í því sambandi í ritið „Vernd og endurheimt íslenskra birkiskóga“ frá árinu 2007 (tillögur nefndar á vegum Umhverfissráðuneytisins um stefnu Íslands varðandi birkiskóga), í 39 gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999 um vernd skóga og annara gróðursamfélaga og í 10. gr. reglugerðar nr. 583/2000 um bann við ræktun útlendra tegunda á friðlýstum svæðum.

### **Hverfisvernd**

Í aðalskipulagstillögunni er lagt til að fimm svæði verði hverfisvernduð, þar á meðal ósasvæði Fitjaár á meðan unnið er að friðlýsingu þess. Umhverfisstofnun tekur undir það að svæðin verði hverfisvernduð.

### **Almannaréttur**

Í tengslum við núverandi byggð við vatnið, aðalskipulagstillöguna og frekari skipulagsvinnu (deiliskipulag) bendir Umhverfisstofnun á 23. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999 þar sem segir að „óheimilt er að setja niður girðingu á vatns-, ár- eða sjávarbakka þannig að hindri umferð gangandi manna“ og kafla 4.15 í skipulagsreglugerð nr. 400/1998 um að ekki megi byggja nær vötnum en 50 m. Hvað núverandi og framtíðar bátaskýli varðar bendir Umhverfisstofnun á mikilvægi þess að ákvæði reglugerðanna séu virt og telur brýnt að mörkuð verði skýr stefna í aðalskipulaginu um það hvar bátaskýli megi vera og hvar ekki og hver fjöldi þeirra megi vera að hámarki á hverju svæði/við vatnið. Sækja þarf um einstaka frávík frá fyrrgreindu ákvæði í skipulagsreglugerð.

### **Neysluvatn**

Í aðalskipulagstillögunni kemur fram að á heildina litið sé ástand neysluvatnsmála á svæðinu sæmilegt og að vatn sé yfirleitt tekið úr lindum/brunnum eða borholum á jörðum. Í aðalskipulagstillögunni eru markaðar stefnur, á bls. 74, til að tryggja ómengað drykkjarvatn. Þær felast m.a. í að fyrir árið 2012 verður skráningu vatnsbóla lokið sem og afmörkun vatnsverndarsvæða, veitingu starfsleyfa fyrir vatnsból, sem falla undir ákvæði 12 gr. reglugerðar nr. 536/2001 um neysluvatn, og flokkun vatns m.t.t. ástands. Umhverfisstofnun fagnar þessari stefnumörkun en bendir á að í aðalskipulagstillögunni vanti umfjöllun um hvernig neysluvatn fyrir ný íbúðar- og frístundasvæði verði tryggt.

### **Efnistaka**

Í aðalskipulagstillögunni er gert ráð fyrir töluverðri fjölgun efnistökusvæða og að þau verði í heildina 25 talsins. Erfitt er að átta sig á hvar efnistökusvæði í töflu 15 eru staðsett á skipulagsuppdraetti og því leggur Umhverfisstofnun til að svæðin verði auðkennd með, t.d. bókstaf og hlaupandi númerum, í töflunni og á uppdrættinum. Að mati stofnunarinnar vantar

einnig í aðalskipulagstillöguna nánari útlistun á stöðu efnistökmála þ.e. hvar efnistaka fer nú fram og hvar efnistaka er fyrirhuguð.

Vegna töluverðs fjölda efnistökusvæða bendir Umhverfisstofnun á að stefna margra sveitarfélaga sé að hafa námur færri, stærri og á afmörkuðum svæðum í samræmi við stefnumörkun ríkisstjórnarinnar um sjálfbæra þróun (Velferð til framtíðar, sjálfbær þróun í íslensku samfélagi, stefnumörkun til 2020). Að mati stofnunarinnar þyrfti að gera grein fyrir áætlaðri efnisþörf innan sveitarfélagsins og nauðsyn þess að hafa 25 námur í aðalskipulagi þess.

Á bls. 63 kemur fram að efnistaka í eða við Skorradalsvatn sé óheimil. Umhverfisstofnun óskar eftir nánari skilgreiningu á því hvað átt er við með orðalaginu „í eða við“ vatnið. Í þessu sambandi bendir stofnunin á að á skipulagsupprættinum virðist efnistökusvæði í austur enda Skorradalsvatn, í landi Indriðastaða, liggja mjög nálægt vatnsbakkanum.

Í stefnu skipulagsins er efnistaka úr alls fimm árfarvegum og einum læk. Umhverfisstofnun bendir á að á skipulagsupprætti eru tvö efnistökusvæði í Fitjaá staðsett innan svæðis á náttúruminjaskrá nr. 238 og þarf að leita umsagnar Umhverfisstofnunar vegna röskunar á borð við efnistöku innan slíks svæðis skv. 38. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Að mati Umhverfisstofnunar þyrfti að fjalla um efnistöku með skýrari hætti í aðalskipulaginu, sbr. athugasemdir hér að framan. Umhverfisstofnun óskar því eftir að fá þennan þátt skipulagsins aftur til umsagnar á seinni stigum skipulagsgerðarinnar.

Að mati Umhverfisstofnunar á að meta áhrif af efnistöku í umhverfisskýrslu eins og fram kemur hér á eftir (í kafla um umhverfisskýrslu).

## **Mengunarhætta**

### ***Frárennsli og úrgangur***

Grunnvatn og lækir úr hlíðum Skorradal safnast saman og endar í Skorradalsvatni. Innan aðalskipulagssvæðisins er því mikil hætta á að mengun, þá helst frá rotþróum frístundahúsa og fráveitum húsa á íbúðar-, landbúnaðar-, athafna-, og iðnaðarsvæðum, endi í vatninu ef ekki er staðið rétt að málum. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að ströngustu kröfum um rotþrær og fráveitur sé fylgt innan aðalskipulagssvæðisins. Stofnunin fagnar stefnumörkun aðalskipulagsins, á bls. 74, um að öll frístundahús verði komin með viðurkennda rotþró fyrir lok árs 2020 og bendir í því sambandi á kröfur í 13 gr. reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitu og skólp og leiðbeiningarrit Umhverfisstofnunar frá 2004 um rotþrær og siturlagnir. Einnig bendir stofnunin á lög nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveita og ábyrgð sveitarfélaga á uppbyggingu þeirra.

Sveitarstjórnir skulu samkvæmt 14. gr. reglugerðar nr. 799/1999 um meðhöndlun seyru sjá til þess að komið sé á kerfisbundinni tæmingu seyru úr rotþróum. Í stefnumörkun aðalskipulagsins, á bls. 74, kemur fram að hreinsun rotþróa fari fram á þriggja ára fresti. Umhverfisstofnun telur að hér skuli kveða skýrar að orði, það er hvort átt sé við að tæming fari fram þriðja hvert ár eða fjórða hvert ár. Stofnunin telur afar brýnt að tæming allra rotþróa á aðalskipulagssvæðinu fari fram þriðja hvert ár í ljósi þess að Skorradalsvatn er skilgreindur sem viðkvæmur viðtaki.

Umhverfisstofnun telur að í aðalskipulaginu skuli fjallað um sérstaka söfnun og meðhöndlun frárennslis frá landbúnaði vegna dýrasauris, hlands og mykju (þar með talinn hálmur) frá húsdýrum með vísan í reglugerð um skrá yfir spilliefni og annan úrgang nr. 184/2002, sbr. viðauka 1 (B. Skrá yfir úrgang; úrgangur frá landbúnaði o.fl., 02 01 06). Einnig leggur stofnunin til að í aðalskipulaginu verði mörkuð stefna um takmörkun á notkun húsdýraáburðar og ólífræns áburðar á tún næst Skorradalsvatni.

Í aðalskipulagstillögunni, á bls. 75, er mörkuð stefna um úrgangsmál. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að á mótökustöðum fyrir sorp verði sér gámar fyrir spilliefni svo að t.d. rafhlöður, viðarvarnarefni og olíuleifar fylgi ekki almennu heimilissorpi og vísar í því sambandi í reglugerð um spilliefni nr. 806/1999, sbr. 6. gr. um að ekki megi blanda spilliefnum saman við annan úrgang. Stofnunin bendir á að ekki komi fram í aðalskipulagstillögunni hvort og þá hvar móttaka sé staðsett innan svæðisins fyrir úrgang á borð við dýrahæ frá landbúnaði og kynbóta- og einangrunarstöð á Mófellsstöðum.

### **Umhverfisskýrsla**

Umhverfisstofnun tekur undir það mat að aðalskipulag Skorradals falli undir ákvæði laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.

Umhverfisstofnun bendir á að lagfæra þarf ártal á forsiðu umhverfisskýrslu og á nokkrum stöðum í skýrslunni sjálfri þar sem stendur að aðalskipulagið gildi til ársins 2022 en samkvæmt greinargerð og skipulagsupprætti á það að gilda til 2020.

Í kafla 2 í skýrslunni kemur fram hugtakið umhverfisvísir og telur stofnunin að skýra þurfi hvað það hugtak stendur fyrir.

Að mati Umhverfisstofnunar á að meta áhrif af efnistöku í umhverfisskýrslu, bæði sjónræn áhrif efnistöku á mismundandi svæðum og áhrif á árfarveg/lífríki áa.

Umhverfisstofnun tekur undir mat á vægi áhrifa á valda umhverfisþætti í matstöflunum. Stofnunin telur umhverfismatið afar vel unnið og ítarlegt þar sem umhverfi og náttúra fær notið þeirra óvissu sem felst í slíku mati.

### **Mótvægisáðgerðir**

Umhverfisstofnun bendir á að mögulegt sé að minnka neikvæð áhrif vegaframkvæmda og annarra framkvæmda innan aðalskipulagssvæðisins á fuglalíf í grenndinni með því að takmarka þær eins og mögulegt er á varptíma.

Umhverfisstofnun telur að í stefnumörkun aðalskipulagsins ætti að koma fram að á svæðum fyrir frístundahús, íbúðarsvæðum sem og á öðrum framkvæmdasvæðum sé skylt að halda jarðraski í lágmarki svo að náttúrulegur gróður fari sem minnst forgörðum, með áherslu á birkikjarr/skógi.

Stofnunin bendir á að greina þurfi frá mótvægisáðgerðum (sjá bls. 20 í umhverfisskýrslu) til að draga úr eða koma í veg fyrir neikvæð áhrif stefnu aðalskipulagsins um íbúðarbyggð og frístundabyggð, þ.e. til hvaða áðgerða verði gripið í því sambandi.

## Vöktunaráætlun

Umhverfisstofnun telur afar brýnt að heilsteypt vöktunaráætlun vegna mengunar verði útbúin sem fyrst yfir þá umhverfispætti sem rannsaka á og fylgjast með innan aðalskipulagssvæðisins. Þar þarf tímasetning rannsókna að koma fram (hvenær og hve reglulega þær fara fram), hvaða þætti eigi að mæla/skoða og hver beri ábyrgð á að rannsóknir og eftirlit fari fram. Stofnunin telur æskilegt að í tengslum við slíka áætlun sé sett fram stefna um aðgerðir ef niðurstöður vöktunar leiða í ljós neikvæð áhrif á umhverfispætti.


Umhverfisstofnun telur forgangsmál að vakta mengunarástand grunnvatns, Skorradalsvatns, Andakilsár og jarðvegs við rotþrær á völdum stöðum, sem og ástand Skorradalsvatns í grennd við tún bújarða sem liggja næst því og í grennd við þetta íbúðarbyggð. Í slíkum rannsóknum ætti auk sýnatöku á vatni að taka sýni af botnseti til efna- og eðlisþáttamælinga. Einnig telur stofnunin að framkvæma þurfi ýtarlega botndýrarannsókn á a.m.k. hluta þessara staða í Skorradalsvatni. Bráðabirgðaniðurstöður (sjá á bls. 9) um botnadýralíf frá árinu 1993 duga vart til að byggja lífríkisvöktun vatnsins á.

Í umhverfisskýrslu er svo metið að framlenging Fellsveggar geti hugsanlega haft neikvæð áhrif á lífríki Fitjaár. Því leggur Umhverfisstofnun til að athugun á lífríki árinna fari fram áður en vegaf framkvæmdin hefst svo að grunnástand sé þekkt og hægt sé að fylgjast með áhrifum á lífríki.

Að öðru leyti en því sem að framan greinir, gerir Umhverfisstofnun ekki frekari athugasemdir við tillögu að aðalskipulagi Skorradalshrepps 2008-2020.

Virðingarfyllt

Ólafur A. Jónsson  
Deildarstjóri



Jóhanna Björk Weisshappel  
Sérfræðingur

Afrit sent: Skipulagsstofnun